

### Grunnáfangi í leiklist

Aðaláhersla er lögð á að efla einstaklinginn og tjáningarmöguleika hans. Markmið áfangans er að virkja og þroska tæki líkamans og huga nemenda til að nýta við sjálfsprottna hugmyndavinnu. Nemendur þjálfá einbeitingu, snerpu, ímyndunarafl, rýmisskyn, traust, samvinnu og hlustun. Kennsla fer fram með leikjum og æfingum sem allar miða að því að virkja sköpunargleði, hugrekki og tjáningu.

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnhugtökum í leiklist eins og hlustun, einbeitingu, rýmisskynjun og tímasetningu
- Mikilvægi virkrar þátttöku og samvinnu í leiklist
- Aðferðum við spuna

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Styrkja sjálfsmynd sína.
- Þora að fara út fyrir þægindahringinn sinn.
- Vakna til meðvitundar og umhugsunar um þá tjáningarmöguleika sem hann býr yfir.
- Eiga í samskiptum og náinni samvinnu við aðra.
- Losa um hömlur og öðlast frelsi og þor í leikrænni tjáningu.
- Þroska sköpunarhæfileika sína, ímyndunarafl og skynjun sína á sjálfum sér og öðrum.

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og skilning sem hann hefur til að:

- Stíga út fyrir þægindahringinn og taka þátt í leiklistaræfingum, t.d. spuna.
- Nota ímyndunarafl og leikgleði í hópavinnu.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi hvers og eins í hópefli og jákvæðu andrúmslofti sem er forsenda leikrænnar tjáningar.

**Námsmat:** Námsmat byggir á virkri þátttöku í tímunum og 80% mætingu